

# Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, 134. fundur

134. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra haldinn miðvikudaginn 13. apríl 2011, kl. 14.00 til 16.00 á skrifstofu HNE að Furuvöllum 1, Akureyri. Mættir voru: Þórdís Rósa Sigurðardóttir, Birna Jóhannesdóttir, Hafsteinn Gunnarsson, Steinn Karlsson, Kristín Halldórsdóttir, Þórir V. Þórisson, Þorkell Björnsson, Þórey Agnarsdóttir og Alfreð Schiöth, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**
- 2. Kynntar viðbótarupplýsingar frá endurskoðanda vegna ársreiknings.**

Vegna fyrirspurnar í heilbrigðisnefnd á síðasta fundi upplýsir endurskoðandi að skuldbindingar eftirlitsins vegna lífeyrisréttinda sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrar miðast við 2% vexti umfram breytingar launa. Gert er ráð fyrir 1,5% launahækkun til lengri tíma og því er talað um 2% ársvexti umfram breytingar launa og þannig næst samtals 3,5 %; sem er lögbundin lagmarksávöxtun lífeyrissjóða.

- 3. Becromal á Akureyri; staða mála og fyrri bókanir heilbrigðisnefndar vegna fráveitu.**

Framkvæmdastjóri skýrði frá stöðu mála varðandi brot aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri á starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar varðandi sýrustig í frárennsli, mælingar og tilkynningaskyldu. Umhverfisstofnun hefur veitt fyrirtækinu áminningu skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisnefnd minnir á fyrri bókanir (síðast þann 1. apríl 2009); þar sem lögð var þung áhersla á að forsenda fyrir frárennsli verksmiðjunnar væri að útrás fráveitukerfis Akureyrarbæjar næði u.þ.b. 500 metra út í sjó. Heilbrigðisnefnd áréttar enn aftur mikilvægi þess að útrás Akureyrarbæjar verði lögð sem allra fyrst og hvetur Akureyrarbæ eindregið til þess að nota sumarið 2011 til að ljúka þeim framkvæmdum.

- 4. Fráveitur til sjávar; staða mála m.t.t. reglugerðar um fráveitur og skólp.**

Framkvæmdastjóri kynnti ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp, m.a. hvað varðar tímamörk til að ljúka úrbótum á fráveitum til sjávar. Framkvæmdum átti að ljúka fyrir 31. desember 2005. Heilbrigðisnefnd veitir leyfi fyrir nýjum og endurbættum fráveitum. Að lagmarki skal leiða skólplagnir 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út

frá meðalstórstraumsfjörumörkum; á þann hátt að röskun á lífríki verði sem minnst og þannig að skólpmengun í fjörum verði undir ákveðnum mörkum (mælt sem fjöldi saurkóligerla í 100 ml). Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju með nýlega fráveitulögn á Dalvík og hvetur jafnframt önnur sveitarfélög til að ljúka framkvæmdum sem allra fyrst. Heilbrigðisnefnd felur starfsmönnum að kalla eftir tímasettum framkvæmdaáætlunum sveitarfélaga um úrbætur á fráveitum til sjávar.

**5. Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismatsáætlunar vegna efnistöku í landi Skúta í Hörgársveit.**

Framkvæmdastjóri kynnti jákvæða umsögn til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismatsáætlunar varðandi efnistöku í landi Skúta í Hörgársveit. Framkvæmdaaðili er Skútaberg ehf og matsáætlunin er unnin af Environice.

**6. Umsögn til Akureyrarbæjar vegna deiliskipulags í Hlíðarfjalli, þ.e. skíðasvæði ásamt umhverfismatsskýrslu.**

Framkvæmdastjóri kynnti umsögn til Akureyrarbæjar þar sem athygli er vakin á að á grannsvæðum vatnsbóla er notkun olíu og annara hættulegra efna bönnuð. Mælst er til þess að annað hvort verði umferð glussaknúinna sjótroðara bönnuð á grannsvæði vatnsbóla í landi Hesjuvalla eða að þar verði eingöngu notaðir snjótroðarar með umhverfisvænum glussaolíum.

**7. Samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra; fyrirhuguð breyting á heiti samþykktarinnar**

Framkvæmdastjóri skýrði frá ábendingu frá Umhverfissráðuneytinu um að ekki væri rétt að vera með tvær sorpsamþykktir í gildi á sama tíma og var ákveðið að óska eftir því við ráðuneytið að breyta heiti samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra (nr. 541/2000) í eftirfarandi heiti:

“Samþykkt um sorphirðu eftirtalinna sveitarfélaga á Norðurlandi eystra; Dalvíkurbyggðar, Hörgársveitar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtubakkahrepps, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Norðurþings, Tjörneshrepps og Svalbarðshrepps”

**8. Kvartanir vegna innilöfts í Boganum á Akureyri; fyrirhugaðar ráðstafanir**

Pórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá kvörtunum sem hafa borist vegna innilöfts í Boganum á Akureyri og kynnti niðurstöður mælinga á örverum og rakastigi innilöfts. Fyrirhugað er að mæla svifryk fyrir og eftir gangnera hreinsun á gerfigrasi í húsinu.

**9. Kynning á drögum að skýrslu um dvalarheimili**

Kynningu frestað þar sem vinnsla skýrslunar hefur dregist.

## Umsóknir um starfsleyfi:

- a. C.F.H. ehf, líkamsræktarstöð, kt. 450710-0160, í félagsheimili Þórs, Akureyri. **Samþykkt.**
- b. N. Hansen, kt. 681206-1670, Laufásgötu, verkstæði, viðhald og viðgerðir, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
- c. Gistiheimili Akureyrar, kt. 650601-2110, Hafnarstræti 104, umsókn um endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
- d. Gistiheimili Akureyrar, kt. 650601-2110, Hafnarstræti 108, umsókn um endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
- e. Gistiheimili Akureyrar, kt. 650601-2110, Skipagötu 2, umsókn um endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
- f. Gistiheimili Akureyrar, kt. 650601-2110, Skipagötu 4, umsókn um endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
- g. Vacanza ehf, kt. 230859-3889, frístundahús að Þverá í Eyjafjarðarsveit, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
- h. Bravo ehf, kt. 691298-2999, frístundahús að Halllandsnesi í Svalbarðsstrandarhreppi, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
- i. Lónsá ehf, kt. 670907-1200, gistiskáli, Lónsá í Hörárbyggð, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
- j. Bjarnargerði ehf, kt. 620607-2820, heimagisting, Sveinbjarnargerði 2a Svalbarðsstrandarhreppi, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
- k. N1, kt. 540206-2010, bensínstöð á Grenivík, umsókn um endurnýjun á starfleyfi. **Samþykkt.**
- l. N1, kt. 540206-2010, smurstöð við Tryggvabraut á Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**

## 10. Önnur mál.

Formaður las upp bréf frá fyrrum framkvæmdastjóra Valdimar Brynjólfssyni þar sem hann þakkar fyrir gjöf heilbrigðisnefndar í tilefni starfsloka og óskar nefndinni og starfsmönnum heilla í starfi. Heilbrigðisnefnd og starfsmenn þakka Valdimar Brynjólfssyni farsæl störf um langan aldur og var klappað innilega fyrir honum í lok fundar.

**Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00**

---

Pórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður

---

Alfreð Schiöth

---

Sigurjón Jóhannesson

---

Porkell Björnsson

---

Birna Jóhannesdóttir

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Hafsteinn H. Gunnarsson

---

Þórir V. Þórisson

---

Steinn Karlsson

---

Kristín Halldórsdóttir